

Fimmtudaginn 19. mars 1992.

Nr. 358/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Pálma Lórenssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.).

Fjárdráttur. Lífeyrissjóður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða. Krefst saksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó ekki að því er varðar þrjá liði, er síðar getur, en refsing þyngd.

Ákærði krefst aðallega sýknu, en til vara vægari refsingar en segir í héraðsdómi.

Í ákæru, sem gefin var út 16. október 1990, var ákærða gefinn að sök fjárdráttur, sem nam alls 977.491,49 krónum. Kemur fram í héraðsdómi, hvernig sú fjárhæð er fundin. Hér fyrir dómi lýsti saksóknari því yfir, að ekki væri byggt á því, að ákærði hefði dregið sér fé utan skilagreina á árunum 1986, 1987 og 1988. Í ákærunni er talið, að svo hafi verið, og fjárhæðin talin nema 9.039 krónum. Ber því nú að taka afstöðu til þess, hvort um sé að ræða brot gegn 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna 968.452,49 króna.

Héraðsdómari vísaði frá sakadómi ákæru, sem út var gefin 23. júlí 1990. Þá vísaði hann einnig frá dómi bótakröfu frá Lífeyrissjóði Vestmanneyinga. Þessi atriði eru ekki til endurskoðunar í Hæstarétti.

Að þessu athuguðu ber að fallast á sakarmat héraðsdómara, þó þannig, að ákærði verður sakfelldur vegna 968.452,49 króna. Fallast ber á þá vísan til refsíákvæða, sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi. Við ákvörðun refsingar ber að taka tillit til þess, að um hegningarauka er að ræða. Ekki ber að dæma í einu lagi samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga um þau þrjú mál, sem fjallað er um í héraðsdómi í tengslum við refsíákvörðun, þar sem ekki er um skilorðsrof að ræða.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin sú hin sama og segir í héraðsdómi. Ekki er rétt að breyta ákvörðun héraðsdómara um sakarkostnað. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar refsingu ákærða, Pálma Lórenssonar, og sakarkostnað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gísla Baldurs Garðars-sonar hæstaréttarlögmans, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 5. apríl 1991.

I.

Dómkröfur.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. f.m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með tveimur ákæruskjölum, út gefnum 16. október 1990 og 23. júlí 1990, á hendur Pálma Lórenssyni, Áshamri 10, Vestmannaeyjum, og Jóni Odda Víkingssyni, Herjólfsgötu 6, Vestmannaeyjum. Í ákæruskjölum gerir ríkissaksóknari grein fyrir ákæruatriðum og dómkröfum eins og hér greinir:

A.

Ákæra, út gefin 16. október 1990.

Með ákæru, út gefinni ofangreindan dag, er málið höfðað gegn ákærða Pálma:

„Fyrir fjárdrátt með því að hafa árin 1981-1988 haldið eftir af launum starfsmanna fyrirtækis síns, Hótel Gestgjafans, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, svo sem nánar greinir, og ekki staðið á þeim skil, svo sem vera bar, heldur notað peningana, alls 977.491,49 kr., í eigin þágu eða nefnds fyrirtækis síns:

Árið 1981	skv.	skilagr.	til lífeyrissj.	kr.	7.133,68
” 1982	”	”	”	”	27.493,73
” 1983	”	”	”	”	45.048,41
” 1984	”	”	”	”	91.860,63
” 1985	”	”	”	”	143.075,59

” 1986	”	”	”	”	kr.	148.780,45
” 1987	”	”	”	”	”	286.275,00
” 1988	”	”	”	”	”	218.785,00
” 1986	utan	skilagreina			”	6.854,00
” 1987	”	”			”	1.622,00
” 1988	”	”			”	563,00
						Kr. 977.491,49

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta, sé þeirra krafist, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

— — —

II.

Málsatvik.

A.

Hinn 31. mars 1981 tilkynnti ákærði til firmaskrár Vestmannaeyja stofnun einkafyrirtækisins Gestgjafans. Tilgang fyrirtækisins, sem hann lýsti yfir, að hann ræki einn og með ótakmarkaðri ábyrgð, kvað hann vera veitingastarfsemi og skyldan atvinnurekstur. Á tímabili því, sem hér um ræðir, þ.e. frá 1981 - 1988, rak ákærði veitingarekstur og frá árinu 1983 einnig hótelrekstur undir þessu skráða einkafyrirtæki sínu, Gestgjafanum. Starfsemin fór fram bæði að Heiðarvegi 3, Herjólfsögðu 4 og Heiðarvegi 1. Það fólst í starfsemi þeirri, sem ákærði hafði með höndum, að honum bar sem launagreiðanda að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjöldum og skila þeim til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, enda voru starfsmenn hans félagar í því verkalýðsfélagi, sem aðild átti að sjóðnum.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldu-tryggingu lífeyrisréttinda er öllum launamönnum skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar, enda starfi lífeyrissjóðurinn samkvæmt sérstökum lögum eða reglugerð, sem staðfest hafi verið af fjármálaráðuneytinu. Í sömu lagagrein er getið um skyldu atvinnurekenda að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjaldahluta þess og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum ásamt mótfamlagi sínu samkvæmt þeim reglum, sem settar eru um iðgjaldagreiðslur í reglugerð viðkomandi sjóðs eða lögum. Í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/1980 segir, að greiðsla iðgjalda skuli fara eftir reglugerð viðkomandi lífeyrissjóðs. Í niunda kafla reglugerðar fyrir Lífeyrissjóð Vestmanneyinga er fjallað um iðgjöld. Í grein 9.1 nefndrar reglugerðar segir, að iðgjöld til sjóðsins nemi 10% af launum, og sé um launþega að ræða, skiptist iðgjaldið þannig, að launþegi greiði

4%, en launagreiðandi 6%. Í grein 9.2 reglugerðarinnar kemur enn fremur fram, að iðgjald skuli greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega, og í grein 9.4 kemur skýrt fram, að launagreiðanda beri að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Gjaldddagi iðgjalda hvers mánaðar er þar tilgreindur 10. dagur næsta mánaðar, en ef vanskil verði lengur en 30 daga fram yfir gjaldddaga, eigi að innheimta vangoldin iðgjöld með hæstu vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum að taka frá gjaldddaga. Ákæruatriði máls þessa taka einungis til vanskila ákærða á greiðslu iðgjalda starfsmanna fyrirtækis hans og hugsanlegs fjárdráttar hans í því sambandi.

— — —

III.

Niðurstaða varðandi ákæru, er lýtur að fjárdrætti.

Telja verður bæði með eigin játningu ákærða sem og öðrum gögnum máls þessa, að sök ákærða sé sönnuð.

Ákærða bar lagaskylda til að halda eftir af launum starfsfólks síns iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga og standa lífeyrissjóðnum skil á því fé, sem hann þannig hélt eftir, sbr. 2. gr. laga 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Í málinu er fram komið, að ákærði gerði sér grein fyrir, að honum bar að skila iðgjöldum starfsmanna sinna til lífeyrissjóðsins og halda því fé aðgreindu frá rekstrarfé fyrirtækis síns. Þetta vanrækti ákærði hins vegar með öllu. Gögn málsins bera það greinilega með sér, að ákærði hirti ekki um að standa sjóðnum mánaðarlega skil á iðgjöldum starfsmanna sinna, enda var skilagreinum skilað seint og illa og án þess að greiðsla fylgdi.

Með eigin játningu ákærða sem og öðrum gögnum málsins, þar með töldum fram lögðum skilagreinum, telst sannað, að ákærði hafi á árunum 1981 til 1988 gerst sekur um fjárdrátt með því að halda eftir af launum starfsmanna sinna iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, án þess að standa lífeyrissjóðnum skil á greiðslu þeirra. Ákærði, sem rak einkafyrirtækið Gestgjafann í Vestmannaeyjum, gerði sjóðnum grein fyrir, að hann hefði dregið af launum starfsmanna sinna 968.452,49 kr, en fé þetta notaði hann í þágu einkafyrirtækis síns, Gestgjafans, Vestmannaeyjum, og þar með í eigin þágu.

Kemur þá til álita, hvort ákæruvaldið hafi fært fram nægilegar sannanir fyrir því, að ákærði hafi einnig á árunum 1986, 1987 og 1988 dregið sér 9.039 krónur, sem ákæruvaldið telur, að hann hafi dregið af launum starfsmanna sinna, en ekki gert grein fyrir því á skilagreinum né heldur skilað

fénu til lífeyrissjóðsins. Í ákæru er þetta sérgreint sem utan skilagreina. Ljóst er, að ákærvaldið byggir þetta ákæruatriði á upplýsingaskýrslu og yfirliti, sem þeirri skýrslu fylgdi, dskj. III, 11, en hvort tveggja var unnið af vitninu Geir Jóni Þórisssyni lögreglufulltrúa, en einnig væntanlega á framburðarskýrslu þeirri, sem lögreglufulltrúinn tók af ákærða 29. ágúst 1989. Af þessum fyrirbyggjandi gögnum sem og framburði vitnisins Geirs Jóns Þórissonar hér fyrir réttinum er ljóst, að yfirlitið, sem hefur að geyma nafn einstaks launamanns, vinnutímabil sem og þá iðgjaldafjárhæð, er ákærði dró af starfsmanninum, var unnið eftir launamiðum þeim, sem ákærði afhenti vitninu við rannsókn málsins. Þótt hér sé að sjálfsögðu aðfinnsluverður galli á rannsókninni, þar sem lögreglufulltrúanum láðist að taka ljósrit af launamiðum þeim, sem hér skipta máli, áður en hann afhenti ákærða þá aftur, verður að telja, með því að ákærði gerði ekki athugasemdir við samantekt lögreglufulltrúans við yfirheyrslu 29. ágúst 1989, sem og staðfesting lögreglufulltrúans við vitnayfirheyrslu hér fyrir dóminum um, að við gerð yfirlitsins hefði algjörlega verið farið eftir framvísuðum launamiðum, að einnig sé fram komin lögfull sönnun fyrir sekt ákærða, að því er tekur til þessa þáttar ákærunnar.

Samkvæmt framansögðu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um fjárdrátt með því að hafa árin 1981-1988 haldið eftir af launum starfsmanna fyrirtækis síns, Gestgjafans, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, iðgjöldum til Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga, Vestmannaeyjum, og ekki staðið á þeim skil, svo sem honum bar skylda til, heldur notað peningana, alls 977.491,49, í eigin þágu eða nefnds fyrirtækis síns, allt eins og nánar greinir í ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. október 1990. Hegðun ákærða telst réttilega lýst í ákæruskjali ríkissaksóknara, enda þótt í ákærunni standi, að fyrirtæki ákærða sé Hótel Gestgjafinn, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, en ekki, eins og rétt er, Gestgjafinn, Heiðarvegi 3, Vestmannaeyjum, en eins og að framan greinir, hafði ákærði með höndum veitinga- og þar með hótelfstarfsemi. Með vísan til 3. mgr. 118. gr. laga 74/1974 hlýtur ákærði áfellsisdóm fyrir brot sitt, enda er hér alls ekki um verulegan ágalla að ræða, en nákvæmar upplýsingar um þetta atriði komu fram við fyrstu fyrirtöku í málinu 24. janúar sl.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglufulltrúi sá, er fór með lögreglurannsókn í málinu, yfirheyrði dóttur ákærða án þess að benda henni áður á, að hún ætti rétt á að skorast undan vitnaskyldu, en þann rétt nýtti hún sér við meðferð málsins fyrir dómi, sbr. dskj. XXII. Þá er það einnig aðfinnsluvert, að raunveruleg rannsókn málsins skyldi ekki hefjast fyrr en rúmu hálfu ári eftir, að kæra hafði borist embætti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, allt eins og nánar greinir hér að framan.

Ákvörðun refsingar og sakarkostnaðar.

Í samræmi við þá niðurstöðu, sem að framan greinir, að vísa ber ákæru, út gefinni 23. júlí 1990, frá dómi, kemur sá þáttur málsins við refsíákvörðun ekki til álita.

Ákærði, Pálmi Lórensson, er sakhæfur, en hann er fæddur 21. ágúst 1938 og hefur á tímabilinu frá 23. apríl 1960 til 1. október 1986 fjórtán sinnum sæst á sektarrefsingu fyrir minni háttar brot á áfengis-, tolla-, umferðar- og hegningarlögum. Tvisvar á sama tímabili, þ.e. 1962 og 1974, var hann dæmdur í óskilorðsbundna refsingu, átta mánaða fangelsisrefsingu í fyrra skiptið og 60 daga varðhaldsrefsingu í síðara skiptið, fyrir brot á almennum hegningarlögum. Að öðru leyti er sakaferill ákærða sem hér greinir:

1989 24/11 Sakadómur Rvík. Dómur: 100.000 kr. sekt f. brot g. tékka., sbr. 1. nr. 35, 1977.

1990 17/4 Sakadómur Rvík. Dómur: Fangelsi 3 mán., skb. 3 ár, hegningarauki, f. brot g. 248. gr. alm. hgl.

Við refsíákvörðun ber að hafa í huga, að fjárdrátturinn nam að höfuðstól tæpri milljón króna og telst því umtalsverður, og einnig, að ákærði hefur að engu leyti greitt Lífeyrissjóði Vestmanneyinga það fé, sem hann ólöglega dró sér. Brot ákærða er hegningarauki við framangreinda tvo dóma sakadóms Reykjavíkur, sbr. 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en af því leiðir, að með broti sínu hefur ákærði ekki rofið skilorð dómsins frá 17. apríl 1990. Ber því nú að taka öll þrjú málin til meðferðar og dæma í einu lagi og tiltaka refsingu samkvæmt ákvæðum 60. og 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Refsing ákærða þykir nú hæfilega ákveðin fangelsi tíu mánuði, en eftir atvikum og með heimild í 57. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, þykir mega fresta fullnustu sjö mánaða þeirrar refsingar og láta hana niður falla að liðnum þremur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Við ákvörðun greiðslu á sakarkostnaði verður í samræmi við niðurstöðu málsins farið eftir ákvæðum 2. mgr. 141. gr., sbr. 140. gr. laga 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Ákærði, Pálmi Lórensson, greiði $\frac{2}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur, en $\frac{1}{3}$ hluta skal greiða úr ríkissjóði.

— — —

Jón Ragnar Þorsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Framangreindri ákæru, út gefinni 23. júlí 1990, er ex officio vísað frá dómi.

Ákærði, Pálmi Lórensson, sæti fangelsi tíu mánuði, en fresta skal fullnustu sjö mánaða þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Skaðabótakröfu Lífeyrissjóðs Vestmanneyinga er vísað frá dómi.

Ákærði, Pálmi Lórensson, greiði $\frac{2}{3}$ hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Gísla Baldurs Garðarssonar hrl., 150.000 krónur, en $\frac{1}{3}$ hluti alls sakarkostnaðar greiðist úr ríkissjóði.
